

Brúður heimsins

Brúðugerð virðist hafa fylgt mannum öröfi alda. Sönnun þessa hefur m.a. fundist í forleifauppgrefri í Suður Ameríu, í Austurlöndum nær, í Japan, á Ítalíu, Grikklandi og fleiri landssvæðum. Brúðurnar hafa verið gerðar úr mismunandi efniviði, svo sem úr viði, vaxi, leir, tuskum o.fl. Brúðurnar hafa ekki einungis verið leikföng heldur einnig tákni trúar, heiðins siðar o.fl. og þá sem smækkaðar, persónugerðar ímyndir. Allt fram á vora daga hafa brúður verið notaðar í þessu skyni. Sérfræðingar hafa ekki á takteinum fullgildar sannanir fyrir því hvort brúðan hafi í upphafi verið leikfang og síðan þróast yfir í að fá hlutverk við trúariðkun eða öfugt, þ.e. að brúðan sem hluti trúariðkanan hafi síðar orðið að leikfangabruðu.

Langt umfram gildi sitt sem leikfang sem jafnframt hafa sterka uppeldis- og kennslufræðilega skírskotun, ber brúðan jafnan vitni bæði um liðinn tíma og samtímann. Til hennar er því hægt að leita upplýsinga og fræðslu um leiki, lífnaðarhætti, störf og efnahag fyrri tíma. Þannig eru brúður gjarnan mikilvægir fulltrúar sérstakrar menningar og bera hana með sé til annarra og ólíkra menningarsvæða.

Dr. Senta Siller hefur komið á fót mismunandi starfsverkefnum í Pakistan, Kamerún, Kólumbíu og víðar þar sem leitast er við að hrinda í framkvæmd verkefnum sem geta eflst sjálfbæra þróun, einkum í dreifbýli sem á undir högg að sækja. Þessi verkefni eru á sviði hannyrða eða handmenntar, eru ekki stór í sniðum en er gert ráð fyrir að þau geti enst og eflst þegar til lengri tíma er litið.

Unnið er að gerð hveppar brúðu af ást og alúð og þær færðar í flíkur sem eru dæmigerðar fyrir upprunastaðinn og gildir hið sama um annan búnað, skraut og því um líkt. Í tengslum við brúðugerðina verða til ný mynstur og snið sem síðan geta haft áhrif.

Brúður frá Pakistan

Kvennaverkefni Dr. Siller hófst árið 1993 í litlum bæ í Punjab héraði. Þar hefur nú bæst við verkstæði fyrir karlmennina í þorpinu. Þarna vinna 120 konur að brúðugerð og hafa tekjur af starfinu verið að aukast. Konurnar vinna fullan vinnudag en vinnutíminn er sveigjanlegur svo konurnar geti eftir sem áður séð um heimilisstörfin, unnið á ökrum eða tekið þátt í viðburðum sem algengir eru í þorpum þar um slóðir. Í bænum Thatta Ghulamka Dhiroka búa um 1200 manns. Bæjarbúar stofnuðu sérstaka deild, NGO Anjuman-e-Falah-e-Aama, árið 1991 sem starfað hefur með DGFK e.V. (German Society for Promotion of Culture/ Þýsk menningarefningarsamtök). Þessi deild eða félag vinnur að sex öðrum verkefnum í Pakistan.

Brúður frá Kamerún

Þrjú samvinnuverkefni (Akwatinuigha, Akaankang, HandiCraft CAT) hafa verið við lýði frá árinu 1998 í Bamenda, höfðuborg N-V hluta Afríkúríkisins Kamerún, sem liggur nærri landmærum Nígíríu. Þessi félagsskapur starfar einnig náið með DGFK í Þýskalandi.

Í Bamenda eru um 60000 íbúar og búa þeir á sjö hæðum og tala átta mismunandi

tungumál. Auk karlamanna starfa um 100 konar að alls konar handiðnaði.

Brúður frá Kolumbía

Samstarfsverkefnið Tant Mejor hófst árið 1999 í Saboya og hefur starfað með þremur öðrum frumkvöðlasamtökum. Í Saboyja búa 6000 manns en bærinn er nálægt Chiquinquirá, í Departamento Boyacá, norðan við höfuðborgina Bogotá.

Þessi félagsskapur starfar einnig í nánum tengslum við DGFK og þar vinna rúmlega 100 konur að framleiðslu handunnins varnings.